

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 1997, efnahag hans 31. desember 1997 og breytingu á handbæru fé á árinu 1997, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 30. apríl 1998.

Gísli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings.

Reykjavík, 29. apríl 1998.

Sesselja Árnadóttir. **Guðbjartur Gunnarsson.**
Hörður Harðarson. **Ríkharð Brynjólfsson.**
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Áritun framkvæmdastjóra.

Þórður Skúlason **Birgir L. Blöndal**
framkvæmdastjóri. aðstoðarframkvæmdastjóri.

Nr. 413

30. júní 1998

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, staðgreinireit 4.723.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 30. júní 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016, leikskólalóð í Suður-Selási.

Leikskólalóð flyst til þannig að íbúðasvæði breytist í stofnanasvæði og stofnanasvæði í íbúðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur fallist á breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 30. júní 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 414

30. júní 1998

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Raufarhafnar 1996 - 2016.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 30. júní 1998 staðfest aðalskipulag Raufarhafnar 1996 - 2016.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Raufarhafnar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt aðalskipulagstillöguna og mælir með staðfestingu hennar.

Umhverfissráðuneytinu, 30. júní 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.